



Mánaðamót

4. ágúst 2026
Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – ágúst 2026


Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
JBT Marel birtir uppgjör			Oculus birtir uppgjör	Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
Brottfarir um Keflavíkurflugvöll (FMST)	Skráð atvinnuleysi	Kvika birtir uppgjör Verðbólga í Bandaríkjunum	Amaroq og SKEL fjárfestingarfélag birta uppgjör	Könnun á væntingum markaðsaðila (SÍ)
	Vísitala íbúðaverðs (HMS) Greiðslumiðlun (SÍ) Eik og Síminn birta uppgjör	Vaxtaákvörðun (SÍ) Fjöldi starfandi (HAG) Vísitala leiguverðs (HMS) Alvotech birtir uppgjör Verðbólga í Bretlandi	Mánaðarskýrsla (HMS) Kaldalón birtir uppgjör	Visitala launa (HAG)
Reitir birta uppgjör	Velta skv. VSK-skýrslum (HAG) Eimskip og Nova klúbburinn birta uppgjör	Iceland Seafood birtir uppgjör	Vísitala neysluverðs (HAG) Vöru- og þjónustujöfnuður (HAG) Gistinætur (HAG) Brim, Hampiðjan, Heimar, Síldarvinnslan og Sýn birta uppgjör	Ísfélagið birtir uppgjör
Þjóðhagsreikningar (HAG)				

HAG: Hagstofa Íslands, SÍ: Seðlabanki Íslands, VMST: Vinnumálastofnun, FMST: Ferðamálastofa, HMS: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.



Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,36% á milli mánaða í júlí og verðbólga hækkaði úr 5,2% í 5,3%. Við höfðum spáð því að vísitalan myndi hækka um 0,34% og að verðbólga yrði óbreytt í 5,2%. Verðbólgan er búinn að vera yfir 5% alla sjö mánuði ársins.




Breyting VNV á milli mánaða


Það var mjög lítil munur á spá okkar og mælingu Hagstofunnar og enginn undirliður sem kom mikið á óvart. Matarkarfan var næstum óbreytt á milli mánaða. Föt og skór lækkuðu um 4,7% vegna júlíútsalna, sem er svipað og síðustu ár. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu um tæp 15,7% og eru núna 23% dýrari en fyrir ári. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,6% eins og við áttum von á. Eldsneytisverð lækkaði um 3,6% á milli mánaða.

Júlímælingar VNV og spá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða




Framlag undirliða í júlí



Breyting á samsetningu ársverðbólgu

Ef við skoðum breytingu á samsetningu ársverðbólgu sést að framlag bensíns lækkaði á milli mánaða. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur aftur á móti hækkað síðan í verðkönnunarvikunni, þannig að það er viðbúið að þetta gangi til baka í ágúst. Framlag ferðaþjónustu án flugfargjalda til útlanda og framlag húsnæðis hækkaði.




Horfur næstu mánuði

Við gerum núna ráð fyrir að vísitalan lækki um 0,08% í ágúst, hækki um 0,16% í september og hækki um 0,11% í október. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 5,3% í ágúst, 5,4% í september og 5,0% í október. Við gerðum ekki miklar breytingar frá síðustu spá sem við birtum í verðkönnunarvikunni. Við gerum þó ráð fyrir aðeins lægri ársverðbólgu í ágúst, en aftur á móti meiri í september. Þetta skýrist m.a. af því að komugjöld á heilsugæslu hækka samkvæmt reglugerð í september, en ekki ágúst, líkt og kemur fram í frétt á vef stjórnarráðsins frá því í byrjun júlí. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur hækkað talsvert síðan í verðkönnunarvikunni og gerum við því ráð fyrir hærra olíuverði næstu mánuði.


Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Verðbólguþspá

Ársverðbólga




Meginvextir Seðlabanka Íslands

Peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig í maí. Ákvörðunin var í samræmi við væntingar okkar og studdu allir nefndarmenn hana. Nefndin gaf skýrt til kynna að hún væri tilbúin til að hækka vexti enn frekar ef þess þyrfti þótt það gæti hægt enn frekar á efnahagsumsvifum. Næsta ákvörðun er 19. ágúst og við eigum von á að nefndin hækki vexti þá.

Vaxtaákvarðanir Peningastefnunefndar

Dags.	Vikur frá s. ákv	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	11	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	6	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	7	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	15	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	6	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	7	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	11	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	9	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	13	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	7	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	6	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	11	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026	6	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB	ÁÓP, HS (+0,50%)		7,50%
20. maí. 2026	9	+0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
19. ágú. 2026	13					
7. okt. 2026	7					
18. nóv. 2026	6					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði mældist 4,1% til tveggja ára, 3,9% til fimm ára og 3,8% til tíu ára í lok júlí. Það lækkaði um 0,4 prósentustig til tveggja ára innan mánaðar, um 0,1 prósentustig til fimm ára en var óbreytt til tíu ára. Það varð nær engin breyting á verðbólguálaginu til tveggja ára daginn sem verðbólgutölur fyrir júlí komu, enda kom talan lítið á óvart.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunmeginvextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 4,1% í júlí (óbreytt á milli mánaða). Raunmeginvextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,5% (óbreytt á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,7% (óbreytt á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunmeginvextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára, niðurstaða úr væntingarkönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár, væntinga heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,09% á milli mánaða í júní, en ársbreyting hennar lækkaði úr 2,2% í 1,8%. Vísitala leiguverðs hækkaði um 0,39% og er árshækkun hennar 5,7%. Alls voru undirritaðir 846 kaupsamningar um íbúðarhúsnæði í júní. Það er um 15% fækkun miðað við júní 2025. Júní er áttundi mánuðurinn í röð sem fjöldi kaupsamninga um íbúðarhúsnæði minnkar á milli ára.

Vísitala íbúðaverðs og leiguverðs

Breyting á milli ára



Undirritaðir kaupsamningar *)




*) Janúar 2024 til september 2024 er án uppkaupa Þórkötlu og kaupa Grindvíkinga
Heimild: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




Atvinnuleysi og fjöldi starfanda

Bæði tölur um skráð atvinnuleysi og fjölda starfandi skv. staðgreiðsluskrám benda til þess að vinnumarkaðurinn sé að kólna. Skráð atvinnuleysi var 4,0% í júní, 0,6 prósentustigum meira en í júní 2025. Starfandi samkvæmt skrá fækkaði um 0,1% á milli ára í maí.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Greiðslukortavelta íslenskra heimila jókst um 4,6% að raunvirði á milli ára í júní. Innanlands jókst hún um 1,9% en erlendis um 13%.



Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 7,6 mö.kr. í júní og þar af voru hrein ný óverðtryggð lán 8,2 ma.kr. og hrein uppgreiðsla á verðtryggðum lánum 0,6 ma.kr. Júní er sjötti mánuðurinn í röð sem heimilin taka meira af óverðtryggðum lánum hjá viðskiptabönkunum en verðtryggðum.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 223 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í júní, eða 4,8% færri en á sama tíma í fyrra. Frá ársbyrjun er fjöldi erlendra ferðamanna nánast sá sami og á sama tímabili í fyrra, eða um 0,9% fleiri. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 1,1% á milli ára á föstu verðlagi en jókst um 3,2% á föstu gengi í júní. Gistinóttum útlendinga á hótélum fækkaði um 0,5% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar


Krónan hefur verið mjög stöðug á móti evrunni síðustu mánuði. Krónan styrktist gagnvart evrunni í júlí og í stóð í 142,6 (-1,4 krónur innan mánaðarins) í lok mánaðarins. Krónan styrktist einnig á móti bandaríkjadal sem stóð í 124,2 (-2,2 krónur innan mánaðarins) í lok mánaðarins.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Seðlabankinn greip ekki inn á gjaldeyrismarkað í júlí ef frá eru talin reglubundin kaup. Heildarkaup SÍ frá því að bankinn hóf regluleg kaup í maí eru komin upp í 10,4 ma.kr. Lífeyrissjóðirnir keyptu gjaldeyri fyrir 45,8 ma.kr. á fyrst fimm mánuðum ársins og hafa ekki keypt meiri gjaldeyri á þessu tímabili síðan 2019.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfa Greiningardeildar í júlí

8. júlí : Hagsjá: Spáum óbreyttri verðbólgu í júlí

23. júlí: Hagsjá: Verðbólga jókst lítillega í júlí

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

